

Norrænu krabbameinsfélögin verja hundruðum milljóna til rannsókna

NORRÆNU KRABBAMEINSFÉLÖGIN samþykktu nýlega sameiginlega stefnumörkun um að efla krabbameinsrannsóknir á næstu fimm árum. Fjármagni að heildarupphæð fimm milljónum evra, eða tæplega 400 milljónum íslenskra króna, verður ráðstafað í rannsóknir á árunum 2006-2010. Er þetta umtalsvert hærri upphæð en félögin hafa áður varið sameiginlega til slíkra rannsókna.

Krabbameinsfélögin í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Færeyjum og á Íslandi leggja áherslu á að ráðamenn og stjórnvöld á norrænum og evrópskum vettvangi geri sér glögga grein fyrir mikilvægi þess að rannsóknir njóti stuðnings og hvetja til þess að opinberir aðilar leggi aukið fé af mörkum líkt og félögin hafa gert.

Faraldsfræði krabbameina

Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja rannsóknir á faraldsfræði krabbameina til þess að auka skilning á orsökum og tíðni krabbameins og gangi sjúkdómsins. Það er grundvöllur þess að þróa árangursríkar og markvissar forvarnir gegn krabbameini. Áætlað er að 85% af öllu krabbameini stafi af neikvæðum áhrifum umhverfis og lífshátta. Sérstakar orsakir eru nú þekktar fyrir 35% þess krabbameins sem greinist.

Heilsubætandi aðgerðir og endurhæfing sjúklunga

Annað áherslusvið norrænu krabbameinsfélaganna er rannsóknir á heilsubætandi aðgerðum. Aukinn skilningur á þessu sviði er lykilatriði til þess að þróa áhrifaríkar forvarnir. Auk þess þarf aukna vitneskju um hvernig best er að skipuleggja endurhæfingu krabbameinssjúklunga. Þetta er mikilvægt þar sem æ fleiri sjúklingar lækna eða lifa lengur eftir að hafa greinst með krabbamein. Krabbameinsfélögin kalla eftir norrænum rannsóknum á sviði endurhæfingar krabbameinssjúklunga sem eiga að ná til sálrænna, félagslegra og líkamlegra þátta í tengslum við greiningu, meðferð og það að lifa með krabbamein.

Framtíðaraðgerðir

Sérstök áhersla verður lögð á rannsóknartengd

verkefni eins og að fylgjast með, skrá og greina upplýsingar og gögn (til dæmis tíðni og dánartíðni krabbameina, lifun eftir greiningu krabbameins). Framfarir við sjúkdómsgreiningu og meðferð eru stöðugar. Söfnun gagna og upplýsinga, greining þeirra og mat á þróuninni mun skapa þekkingu sem er nauðsynleg til að vísa á þá þætti sem þarfnast úrbóta. Einnig verður veittur stuðningur til þjálfunar vísindafólks og annarra áhugaverðra verkefna sem tengjast aðgerðum varðandi krabbamein.

Samstarf síðan 1949

Félögin hafa starfað saman innan vébanda Norrænu krabbameinssamtakanna (Nordic Cancer Union, NCU) síðan 1949 að því að bæta þekkingu og skilning á krabbameinssjúkdómum. Þau vinna að forvörnum, krabbameinsmeðferð og endurhæfingu og ýta undir árangursríka beitingu hennar á Norðurlöndunum. Mikilvægur þáttur samstarfsins er að örva og fjármagna norrænar krabbameinsrannsóknir. Fjárhagslegum stuðningi er miðlað með rannsóknarstyrkjum sem samtökin annast. Ákvarðanir um styrkveitingar byggjast á kröfum um gæði rannsókna og faglegt mat. Mat á verkefnum sem styrkt eru og framgangi þeirra og nýtingu rannsóknarniðurstaðna á Norðurlöndunum verður eftt á þessu fimm ára tímabili.

Norðurlöndin eru einstakt kjörsvæði fyrir rannsóknarsamstarf og skráningu krabbameins. Þar eru sérstök skilyrði til þess að sinna víðtækum lýðgrunduðum rannsóknum sem geta gefið almennar vísbendingar fyrir aðrar þjóðir. Þetta má gera með því að nýta hina mörgu vönduðu gagnagrunna og skrár sem er að finna á Norðurlöndum. Íbúar eru tiltölulega einsleitir hópur sem nemur um 25 milljónum manna og það gefur líka kost á einstökum samanburðarrannsóknum.

Krabbameinsfélag Íslands hefur jafnan séð um að birta auglýsingar um styrkveitingar á vegum norrænu samtakanna í Læknablaðinu, á háskóla-vefnum og á innra neti Landspítala, auk heimasíðu Krabbameinsfélagsins www.krabb.is

Væntanlega verður auglýst eftir umsóknum um ofangreinda styrki á næsta ári.



Guðrún Agnarsdóttir

gudrunag@krabb.is

Höfundur er læknir og forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.